

MILLISAFNALÁN
LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS - HÁSKÓLABÓKASAFN
Arngrímsgötu 3
107 Reykjavík
millisafnalán@landsbokasafn.is



Hægt er að panta bækur og tímaritsgreinar sem ekki eru til á safninu frá öðrum bókasöfnum, innlendum og erlendum. Eina skilyrðið er að eiga gilt bókasafnsskírteini hjá safninu.

Vinsamlegast athugið hvort bók eða grein er til áður en pöntun er gerð.

Til að athuga hvort efni sé til á safninu þarf að leita á lbs.leitir.is.

Ef efnið er ekki til á safninu, þarf að skoða hvort það er aðgengilegt á öðru innlendu safni. Það er einnig gert á lbs.leitir.is en þá er valið *Allt efni* hægra megin í leitarglugganum. Ef efnið finnst ekki er hægt að panta efnið frá erlendu bókasafni.

Til að senda inn beiðnir um millisafnalán þurfa lánþegar að skrá sig inn á lbs.leitir.is með notendanafni eða rafrænum skilríkjum/Íslykli.

Að panta efni frá innlendu bókasafni

Eftir innskráningu er efnið fundið sem á að panta. Undir **Hvernig á að nálgast** er valið **Millisafnalán** og opnast þá beiðnin.

- Veljið **Bók** eða **Grein** eftir því sem við á.
- Veljið **Lbs-Hbs Þjóðarbókhlaða** í afhendingarstaður.

Neðst er smellið á **Senda beiðni**. Skilaboðin **Beiðnin þín var send inn** birtist þá.

Að panta efni frá erlendu bókasafni

Ef efni finnst ekki á lbs.leitir.is er hægt að panta millisafnalán frá erlendu safni með því að smella á **Millisafnalán** efst á forsiðu lbs.leitir.is.

Þá opnast eyðublað sem fylla þarf út. Alla stjórnumerkta reiti þarf að fylla út.

- Veljið **Bók** eða **Grein** eftir því sem við á.
- Veljið **Lbs-Hbs Þjóðarbókhlaða** í afhendingarstaður.

Smellið á **Senda beiðni** og þá birtast skilaboðin **Beiðnin þín var send inn**.

Ef panta á fleiri bækur/greinar er ferlið endurtekið.

Skipti útgáfa bókar máli, þarf að tilgreina útgáfunúmer.

Séu upplýsingar ófullnægjandi má búast við töfum á afgreiðslu.

Efni sem erfitt er að nálgast

Yfirleitt er ekki hægt að fá heil tímaritahefti í millisafnaláni, aðeins einstakar greinar. Fylla þarf út beiðni fyrir hverja grein.

Yfirleitt er ekki hægt að panta tón- og myndefni í millisafnaláni.

Eldri bækur getur verið erfitt að fá í millisafnaláni og eru þá stundum eingöngu lánaðar til afnota á lestrarsal.

Biðtími

- **Greinar** eru yfirleitt 2-5 daga að berast. Starfsmenn HÍ fá greinar sendar með innanhússpósti sem getur lengt biðtímann.
- **Bækur**. Frá innlendu safni 1-2 vikur. Frá erlendum söfnum 2-4 vikur að meðaltali. Ávallt er reynt að fá rit sem fljótast í pósti.
- **Bækur** eru afhentar í þjónustuborði á 2. hæð í Þjóðarbókhlaðu.

Hvernig veit ég hvenær efni berst?

Þú færð tölvupóst um leið og efni berst til safnsins. Starfsfólk sendir tilkynningu á það netfang sem skráð er á lbs.leitir.is.

Er hægt að fá láni framlengt?

Dugi lánstími ekki má biðja um endurnýjun. Sendið tölvupóst á millisafnalan@landsbokasafn.is.

Hvað kosta millisafnalán?

Upplýsingar um kostnaður við millisafnalán er að finna í [gjaldskrá safnsins](https://gjaldskrá.safnsins.is).

Lánþegar greiða auk þess póstburðargjöld.

*Nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands fær 50% afslátt af gjaldskrá samkv. samningi.

Glötuð rit

Glatist rit hjá lánþega fer gjaldið eftir bótakröfu þess safns sem á bókina. Það er þó bundið lágmarksupphæð samkvæmt [gjaldskrá](https://gjaldskrá.safnsins.is).

Vinsamlegast athugið

- Ekki er tekið við millisafnalánapöntunum í síma.
- Beiðni um millisafnalán er bindandi og [gegn gjaldi](https://gjaldskrá.safnsins.is). Það á líka við um ósótt efni.